

Nd.

248. Frumvarp til laga

[118. mál]

um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sýslunefndir og bæjarstjórnir skulu hver fyrir sitt umdæmi setja reglugerð um hundahald og varnir gegn sullaveiki. Hafa skal samráð við héraðslækna á hverjum stað um ákvæði reglugerðar.

Í reglugerð hverri skal ákveða:

- a. Um hreinsun hunda af bandormum, hvernig hún skuli framkvæmd, á hvaða tíma og af hverjum.
- b. Um meðferð á sullum og innyflum úr sullaveikum skepnum; einnig hausum af höfuðsóttarfé.

Heimilt er í reglugerð að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum.

Heimilt er einnig með reglugerð að fela hreppsnefndum innan sýslu að annast hundahreinsun, enda borgi sýslusjóður þeim þá þann hundaskatt, sem til fellur frá hundaeigendum í hreppnum.

Reglugerð skal staðfest af heilbrigðismálaráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

2. gr.

Sérhver skattgreiðandi skal á skattaframtali gera grein fyrir þeim hundum, sem hann á um áramót og aðrir þeir, er hann hefur á framfæri sínu.

Hreppstjóri í hverjum hreppi, en skattstjóri eða skattanefnd í kaupstað, skulu gera skrá yfir hunda þá, sem í sveitarfélaginu eru, og afhenda hana sýslumanni eða bæjarstjóra.

3. gr.

Til að bera kostnað við framkvæmd laga þessara skal greiða skatt af öllum hundum 4 mánaða og eldri. Rennur skatturinn í sýslusjóð eða bæjarsjóð.

Skatturinn skal vera:

- a. Af hverjum hundi búenda eða annarra, sem búfé eiga, kr. 15.00 árlega.
- b. Af öðrum hundum kr. 100.00 árlega.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða samþykktum, sem settar kunna að vera samkvæmt þeim, varða sektum, er nemi 500—1000 krónum. Sektirnar renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

5. gr.

Með mál gegn brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi númer lög nr. 18 frá 1890, um hundaskatt og fleira, lög nr. 8 frá 1924, um heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.